



Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs

Alþingi
Erindi nr. P 130/2004
komudagur 21.4.2004

Nefndasvið Alþingis/ Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2004.


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýbyggingu við Landspítala - háskólasjúkrahús, þskj. 817 – 542 mál.


Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 29. mars 2004 til borgarráðs þar sem óskað var umsagnar um framangreinda tillögu til þingsályktunar. Skipulags- og byggingarsviði hefur verið falið, f.h. Reykjavíkurborgar, að svara erindinu.

Skipulags- og byggingarsvið fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahús við Hringbraut. Áform um uppbyggingu spítalans á þessum stað samræmast landnotkunarstefnu borgarinnar sem sett er fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og staðfest var af umhverfisráðherra 20.12.2002. Þar segir í kafla *AR02 Atvinna*: "Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir þeim möguleika að í Vatnsmýrinni geti byggist upp samfelld atvinnusvæði frá Háskóla Íslands að Landspítalanum sem einkum hýsti starfsemi á sviði rannsókna og vísinda, hátækni og líftækni." Enn fremur er í kafla *AR09 Miðborg* gert ráð fyrir vaxtarrými Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut, sem nemur 60.000m² atvinnuhúsnæðis.

Mjög jákvætt er að uppbygging á svæðinu hæfist sem fyrst. Við gerð skipulags af svæðum í nágrenni við lóð spítalans við Hringbraut hefur verið gert ráð fyrir að uppbygging Landspítala yrði þar. Bent er á að endurskoða þarf deiliskipulag af lóð Landspítalans við Hringbraut en skv. samningi milli Ríkisstjórnar, Ríkisspítala og Reykjavíkurborgar, dags. desember 1998, áttu Ríkisspítalarnir að hafa lokið við þá vinnu fyrir 1. febrúar 2000. Nauðsynlegt er að deiliskipulagsvinnu af svæðinu verði hraðað til að hægt verði að ráðast í uppbygginguna sem fyrst. Reykjavíkurborg mun leggja sitt af mörkum til að sú vinna getið gengið sem hraðast.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs,


Salvör Jónsdóttir,
sviðsstjóri


Ivar Pálsson,
forstm. lögfræði og stjórnsýslu.

Afrit: Skrifstofa borgarlögmanns